

Fundargerð skólaráðs Myllubakkaskóla

29. október 2014

Mætt voru : Bryndís (skólastjóri), Svanhildur og Júlía (fulltrúar kennara) Stefán (fulltrúi starfsmanna), Saga (fulltrúi nemenda), Þórey og Bjarnfríður (fulltrúar foreldra) og Hrafnhildur (fulltrúi nærsamfélags).

1. Bryndís kynnti starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2014-2015 fyrir skólaráði. Fundarmenn höfðu fengið áætlun til yfirlestrar fyrir fund og var boðið að koma fram með breytingartillögur. Skólaráð samþykkti starfsáætlun skólans með undirskriftum.
2. Bryndís kynnti umbótaáætlun og vinnuna sem lá að baki henni. Stutt umræða um þann misskilning sem átti sér stað og varð til þess að áætlun er skilað seinna en áætlað var.
3. Bryndís fór lauslega yfir hvernig skólastarfið hefur farið af stað og hvað hefur borið hæst hjá nemendum og starfsfólki. M.a. talað um facebook síðu skólans, samræmdu prófin, víðavangshlaupið, Reykjaferð, hafragrautinn, spjaldtölvuvæðingu í 9.bekk, froskaleika í 1.bekk, viðhald á húsnæði skólans o.fl. Einnig var rætt um það sem framundan er í skólastarfinu eins og þemadaga og vinnu á útikennslusvæði skólans. Saga nefndi hve nemendur væru ánægðir með hafragrautinn á morgnana.
4. Önnur mál :
 - Bjarnfríður kynnti hugmyndir frá foreldrafélagi um :
 - að bjóða nemendum upp á ávexti í frímínútum. Bryndís samþykkti að skoða hvernig að þessu er staðið í grunnskólanum í Sandgerði sem fær ávaxtabílinn til sín.
 - Að bjóða nemendum á unglíngastigi, og jafnvel foreldrum þeirra, uppá fræðslufundi með Siggu Dögg Arnardóttur kynfræðingi. Bjarnfríður mun setja sig í samband við Siggu Dögg og sjá hvenær hún er laus.
 - Fulltrúar foreldra höfðu spurningar um skóladagatal og hvort búið væri að þýða það yfir á tungumál allra nemenda. Bryndís sagði það vera í vinnslu.
 - Saga kynnti hugmynd sína að valfagi sem hefði með fundarsköp, framkomu og fleira því tengt að gera. Bryndís tók vel í þessa hugmynd og talaði um að virkja nemendur meira þegar kemur að því að útfæra valgreinar.
 - Bryndís kynnti lauslega hugmyndir um lýðræðisfundi nemenda og stöðu námsráðgjafa sem auglýst yrði á vordögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:55.

Fundaritari: Júlía Jørgensen